

Reykjavík, 9. janúar 2018

## Úrskurður

Aganefnd KLÍ fundaði þriðjudaginn 9. janúar 2018 vegna tilkynningar starfsmanns KLÍ, dags. 8. janúar 2018, þar sem tilkynnt var að lið ÍR-Naddóður hefði ekki mætt til keppni í 2. deild karla mánudaginn 8. janúar 2018.

Skýringin var sú að leikmaður ÍR-Naddóðs hafi einfaldlega gleymt sér og verið of langt í burtu frá keppnisstað þegar mistökin uppgötvuðust. Ekki hefði verið um að ræða óvirðingu eða mótmæli, hvorki gagnvart KLÍ eða KFR-JP Kast.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga.

Í 11. gr. reglugerðar um aganefnd er m.a. kveðið á um heimild aganefndar til þess að refsast liði sem ekki mætir til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Getur refsing í því sambandi verið brottrekstur úr keppni, stigatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Á ákvæði þetta við um allar liðakeppnir í A- og B mótum á vegum KLÍ.

Það er mat nefndarinnar, í ljósi þeirra skýringa sem gefnar hafa verið þar sem um yfirsjón af hálfu ÍR-Naddóðs hafi verið að ræða, hafi liðið ekki haft slæman ásetning til að mæta ekki til leiks þannig að ekki komi til refsingar á grundvelli framangreinds ákvæðis.

Þrátt fyrir framangreint, er sérstaklega kveðið á um það í 9. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða að mæti löglega skipað lið ekki til keppni við lok upphitunar, skuli viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal spila til að fá stigin. Segir síðan í 2. málslíð 9. gr. að sekta skuli það lið sem ekki mætir til leiks samkvæmt gjaldskrá KLÍ.

Að mati nefndarinnar skal sekta lið sem ekki mætir til leiks nema veigamiklar ástæður samkvæmt 10. gr. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót liða eigi við. Er það niðurstaða nefndarinnar að slíkt beri að gera.

Í ljósi framangreinds og þar sem ÍR-Naddóður mætti ekki til leiks í 2. deild karla mánudaginn 8. janúar 2017, er það niðurstaða aganefndar að sekta ÍR-Naddóð.

## Úrskurðarorð

ÍR-Naddóður greiði KLÍ sekt að samkvæmt gjaldskrá KLÍ.

Gunnar Þór Ásgeirsson  
Hörður Ingi Jóhannsson  
Árni Þór Finnsson